

EFTIRLITSSKÝRSLA

Rio Tinto Alcan Straumsvík Hafnarfjörður



Dags eftirlits	16.8.2012	Fulltrúi UST	Ólafur Kristinn Tryggvason
Fyrirtæki	Rio Tinto Alcan Straumsvík	Fulltrúi UST	Gunnlaug H. Einarsdóttir
Heimili	Straumsvík	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6804660179	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Fannar Jónsson	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Guðrún Þóra Magnúsdóttir og Henning Ejerskov Sørensen	Staðsetning	352084,248 397144,812

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi komu fram í eftirlitinu og ekki voru neinar athugasemdir gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst með fundi rekstraraðila og eftirlitsaðila þar sem dagskráin var eftirfarandi:

1. Farið yfir starfsleyfið
2. Farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu
3. Eftirlitsferð í steypuskála
4. Önnur mál

Í byrjun fundar var rætt um samningsmál vegna greiðslu á eftirlitsgjöldum, fyrirkomulag eftirlits og birtingu allra eftirlitsskýrslna á vef Umhverfisstofnunar, þ.m.t. eftirlit Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Öllum skýrslum sem fyrirtækið á að skila til Umhverfisstofnunar hefur verið skilað inn á réttum tíma og þau yfirfarin og engar athugasemdir verið gerðar að hálfu eftirlitsaðila.

Varðandi gr. 2.15 í starfsleyfi sendi ÍSAL Umhverfisstofnun 24.2.2012 upplýsingar um tegundir og magn spilliefna og annara úrgangsefna sem urðuð voru í flæðigryfjum fyrirtækisins árið 2011.

Yfirlit yfir almennan úrgang í gr. 2.17 og magn var lagt fyrir á fundinum.

Hávaðamælingar eru birtar í Sjálfbærnisráðgjafi ÍSAL 2011 (Grænt bókhald).

Þær mælingar sem rekstraraðila ber að gera sbr. gr. 3.1 í starfsleyfi voru kynntar eftirlitsaðilum á samráðsfundi sem haldinn var 8. júní sl. og voru allar mælingar innan losunarmarka sem fram koma í gr. 2.5.

Þau atriði sem fyrirtækinu ber að skrá skv. gr. 3.2 í starfsleyfi voru aðgengileg og birt eftirlitsaðilum á eftirlitsfundinum.

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað á réttum tíma til Umhverfisstofnunar eða 30. apríl sl.

Rekstraraðili óskaði eftir því að fá upplýsingar um kvartanir sem berast stofnuninni vegna reksturs ÍSAL. Rekstraraðili hefur verið að auka virkni heimasíðu fyrirtækisins með því að upplýsa gang ýmissa mála, s.s. stöðvun á þurrhrensibúnaði vegna framkvæmda. Einnig var óskað eftir viðbrögðum við sjálfbærnisráðgjafi ÍSAL 2011.

Farið var yfir síðustu eftirlitsskýrslu. Í henni kom fram eitt frávik og ein athugasemd. Frávikið var fært í fullnægjandi form innan skamms tíma og orsök athugasemdarinnar hafði þegar verið löguð þegar eftirlit fór fram.

Að fundi loknum var farið í eftirlit í steypuskála þar sem skoðuð var barraframleiðslan sem búin er að vera frá upphafi en verið er að breyta framleiðslunni í svokallaða boltaframleiðslu. Boltarnir eru sívala stangir og framleiddir í nokkrum sverleikum og lengdum. Breytingum á steypuskálanum fyrir boltaframleiðsluna er ekki að fullu lokið en helmingi framleiðslulínunnar hefur verið. Hluti af nýju byggingunni fyrir boltaframleiðsluna hefur ekki hefur ekki verið formlega afhent ÍSAL. Ný stjórnstöð fyrir steypuvélarnar var skoðuð.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

ANNAÐ

Starfsmaður ÍSAL hefur sótt námskeið og fengið vottun innan EES varðandi vinnu við SF₆ gas. Umhverfisstofnun sér um að veita gagnkvæma viðurkenningu á Evrópska efnahagssvæðinu. ÍSAL mun senda gögn til stofnunarinnar.

Reykjavík, 31.08.2012



Ólafur Kristinn Tryggvason

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.